

1864.

20. júlí.

64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um flutning þingstaðar frá Skálanesi að Neðra-Gufudal.

Í bænarskrá, er þér, herra amtmaður, senduð stjórnarráðinu með bréfi yðar 2. d. janúarm. þ. á., og sem hlutaðeigandi sýslumaður hafði mælt fram með, hefir Jakob prestur Bjarnarson og 16 aðrir búandi menn í Gufudals hrepp í Barðastrandar sýslu farið þess á leit, at flytja megi þinghús þeirra frá Skálanesi að Neðra-Gufudal, sem menn álíta að liggi betur við fyrir þingstað.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að gjörð verði hin eptiræskta breyting á þingstaðnum, svo framarlega sem ekki koma fram nein mótmæli á rökum byggð móti því af hálfu annara, er hlut eiga að máli.

21. júlí.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tíundargjald af „Thomsens túni“ við Reykjavík.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi 2. marzm. þ. á. sent dómsmálastjórninni til úrskurðar skjal nokkurt frá H. Th. A. Thomsen kaupmanni í Reykjavík, ásamt með áliti Árna Thorsteinsons bæjarfógeta um það, en í skjali þessu beiðist Thomsen úrskurðar stiptamtsins um, hvort hann eptir kröfu bæjarstjórnarinnar í kaupstað þessum sé skyldur til að greiða fátækraftíund af túnbletti nokkrum, sem er á lóð bæjarins og kallaður „Thomsens tún“, og í hinni nýju jarðabók er metinn 10,39 hundr. að dýrleika; hefir hann nú túnblett þenna til umráða, en árið 1847 hafði bletturinn verið fenginn Augúst Thomsen veitingamanni til ræktunar og leigulausra afnota í 25 ár, en að þeim tíma liðnum skyldi bærinn fá túnið án nokkurs endurgjalds fyrir ræktunina.